

DAGSETNING

TILVÍSUN

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 11. desember 2002

2002110526

Umsögn um 351. mál, frumvarp til laga um fyrirtækjaskrá.

Með bréfi dagsettu 27. nóvember 2002 óskar Allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn ríkisskattstjóra um mál 351, frumvarp til laga um fyrirtækjaskrá.

Með frumvarpinu er lagt til að fyrirtækjaskrá verði flutt frá Hagstofu Íslands til ríkisskattstjóra og er það gert sem liður í endurskipulagningu og breytingum á starfsemi Hagstofunnar. Ríkisskattstjóri hefur komið nokkuð að undirbúningi þessa fyrirhugaða flutnings. Í júní 2002 var skipaður, af hálfu ríkisskattstjóra og Hagstofustjóra, starfshópur til að fara yfir lög um þjóðskrá og fyrirtækjaskrá og önnur lög er þær skrár varða með tilliti til hugsanlegs flutnings á þessum skráum til ríkisskattstjóra og vann hann jafnframt að gerð frumvarpsins. Af sama tilefni voru skipaðir þrír aðrir starfshópar sem könnuðu önnur atriði sem tengdust flutningnum m.a. húsnæðismál og tölvumál og eru lausn á hvoru tveggja í auglýsingu. Í frumvarpinu eru ekki lagðar til aðrar verulegar breytingar frá ákvæðum fyrri laga en efni þeirra gert skýrara og lagað að breyttum háttum í lagasetninu og stjórnsýslu.


Vegna fyrirhugaðs flutnings á fyrirtækjaskrá til ríkisskattstjóra hefur farið fram af hálfu ríkisskattstjóra könnun á nágildandi lögum nr. 62/1969 um fyrirtækjaskrá og framkvæmd þeirra laga. Þá hefur verið litið til þess fyrirkomulags sem haft er á skráningu einstaklinga og fyrirtækja og útgáfu á kennitölum í nágrenni löndunum, einkum Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Í stuttu máli má segja að í þeim löndum sé allt slíkt skráarhald í miklum tengslum við skattyfirvöld ef ekki alfarið á þeirra hendi enda nátengt meginverkefnum þeirra. Í Danmörku heyrir þjóðskrá (Det centrale personregister) undir innanríkisráðuneytið en skráning og framkvæmd er að mestu í höndum sveitarfélaga sem jafnframt annast álagningu skatta á einstaklinga. Skráning og útgáfa á kennitölum (CVR nummer) til lögaðila hefur síðan í nóvember 2001 heyrt undir skattyfirvöld (Told- og Skattestyrelsen). Í Svíþjóð hafa skattyfirvöld haft með höndum útgáfu á kennitölum til einstaklinga (personnummer) og skráningu þeirra síðan 1991 og hefur embætti ríkisskattstjóra (Riksskatteverket) yfirumsjón með skráningunni. Í Svíþjóð er útgáfa á kennitölum til lögaðila (organisationsnummer) ekki á einni hendi en hins vegar heldur embætti ríkisskattstjóra eina miðlæga skrá yfir útgefnaðar kennitölur til lögaðila. Í Noregi heyrir þjóðskrá (folkeregister) undir skattyfirvöld (Skattedirektoratet) og þjóðskráin hluti af starfsemi skattstofanna en skráning fyrirtækja fer fram í miðlægri skrá sem ekki heyrir undir skattyfirvöld.

Það er mat ríkisskattstjóra að margháttað hagræði felist í því að fyrirtækjaskrá verði flutt

til embættis ríkisskattstjóra. Fyrst má nefna það samræmingaratriði að reka samhliða skattgrunnskrá og fleiri skrár sem skattyfirvöld nota og fyrirtækjaskrá sem ætti að koma í veg fyrir misræmi og auka svigrúm til hagræðingar í skráarhaldinu ekki síst nú á tímum rafrænnar stjórnsýslu. Þá virðist ótvírætt hagræði og tímasparnaður fólgin í því fyrir borgara og fyrirtæki að geta skráð atvinnustarfsemi sína í fyrirtækjaskrá og fengið útgefna kennitölu samtímis skráningu á skattskrár s.s. virðisaukaskattsskrá og launagreiðendaskrá. Ríkisskattstjóri telur að starfræksla fyrirtækjaskrár muni falla vel að öðrum verkefnum embættisins og þeim vinnubrögðum sem embættið hefur verið að þróa á undanförmum árum m.a. með því að nýta nýjustu upplýsingatækni í stjórnsýslunni. Þá má ætla að unnt verði innan tíðar að dreifa starfsemi, sem tengist fyrirtækjaskrá og þjónustu hennar að einhverju leyti á aðrar stofnanir skattkerfisins, þ.e. skattstofurnar, svo sem móttöku og skráningu á upplýsingum, miðlun þeirra, útgáfu vottorða o.s.fr.

Ríkisskattstjóri gerir ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins en vekur athygli á kostnaðarumsögn með því en þar kemur fram að kostnaður vegna flutnings á starfrækslu skrárinnar en talinn vera 11-15 milljónir króna og þarf að tryggja embættinu þá aukningu fjárheimilda.

Virðingarfyllst


Indriði H Þorláksson


Guðrún Þorleifsdóttir